

Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar við síðari umræðu um Ársreikning Akraneskaupstaðar 2024

Á undanförunum árum hefur Akraneskaupstaður framkvæmt og fjárfest fyrir á tólfta milljarð króna og með því tvöfaldað eignasafn sitt á örskömmum tíma. Til að fjármagna þessar framkvæmdir hafa rúmir fjórir milljarðar króna verið teknir að láni, að öðru leyti hefur kaupstaðurinn átt fyrir öllum þessum fjárfestingum sem er ekkert minna en glæsileg frammistaða.

Ársreikningur Akraneskaupstaðar fyrir árið 2024 sýnir greinilega að við erum að koma út úr þessu mikla fjárfestingaskeiði og eðlilega hefur rekstur bæjarsjóðs þyngst. Skuldir hafa aukist, launakostnaður hækkað og að auki hafa væntingar um auknar tekjur kaupstaðarins ekki gengið eftir. Er þar helst um að ræða að sala á byggingarrétti á lóðum hefur gengið hægar en vonir stóðu til, en þar að auki endurspegla auknar skatttekjur frá íbúum ekki þá fjölgun íbúa sem þó hefur orðið.

En þótt skuldir hafi vaxið og væntingar um tekjur brugðist, þá lýkur bæjarsjóður Akraneskaupstaðar fjárhagsárinu 2024 réttu megin við núllið, þó rekstrarafgangur sé vissulega ekki mikill. Við bæjarstjórn og stjórnendum kaupstaðarins blasir þó það verkefni að hagræða þarf í rekstri. Handbært fé hefur minnkað hratt síðustu árin og nú er svo komið að lausafé er orðið mjög lítið og hrekkur ekki alltaf til, til að standa undir reglulegum útgjöldum. Úrbóta er þörf og þörfin er brýn.

Til að hagræða í rekstri kaupstaðarins leggja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fram eftirfarandi tillögur:

- 1) Farið verði vandlega yfir greiðslur vegna yfirvinnu starfsmanna með það að markmiði að greina hvort draga megi úr kostnaði vegna þeirra.**
- 2) Dregið verði úr kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu þvert á svið, þannig að kostnaðurinn verði a.m.k. 10% innan fjárhagsáætlunar ársins 2025.**
- 3) Reiknilíkön leikskóla og grunnskóla verði yfirfarin og borin saman við sambærilega þjónustu annarra sveitarfélaga.**
- 4) Endurráðningar í stjórnsýslu og þeirri þjónustu þar sem ekki liggja reiknilíkön að baki, þurfa samþykki bæjarráðs.**
- 5) Farið verði yfir orkunotkun stofnana og t.d. vegna götulýsingar og tækifæri greind til sparnaðar, m.a. með LED væðingu.**
- 6) Eignir í eigu kaupstaðarins, sem ekki eru nýttar undir starfsemi á hans vegum, verði seldar. Hér er bæði átt við húsnæði og land, svo sem þann hluta Akrakotslands sem ekki verður nýttur undir framtíðarstækkun íbúðabygðar á Akranesi.**
- 7) Lokið verði við úttekt KPMG á helstu rekstrarþáttum á velferðar og mannréttindasviði og hún nýtt til að greina tækifæri til hagræðingar. Í framhaldinu verði sams konar úttektir framkvæmdar á fleiri sviðum.**
- 8) Gerð verði rýning á samningum og leyfisgjöldum með það að markmiði að draga úr aðkeyptri þjónustu og öðrum kostnaði.**

Þessar átta tillögur til hagræðingar í rekstri Akraneskaupstaðar leggja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hér með fram til umræðu og eftirfylgni. Við lýsum því jafnframt yfir að við erum opin fyrir öllum góðum ábendingum og tillögum um það sem betur mætti fara í rekstri kaupstaðarins og meðal annars tilbúin að skoða leiðir til að auglýsa eftir tillögum beint frá íbúum á Akranesi.

Samheldni og samhugur eru lykilatriði til að verkefni eins og hagræðing í rekstri heils bæjarfélags gangi vel. Að við öll, kjörnir fulltrúar sem og allt starfsfólks bæjarins, stefnum einhuga í sömu átt með það að markmiði að styrkja fjárhagsstöðu bæjarsjóðs, svo að á Akranesi getum við haldið áfram að byggja upp innviði og þjónustu í hæsta gæðaflokki.